

Nd.

228. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

I. Frá *Ágúst Flygenring* og *Jakob Möller*.

Við 1. gr. Á eftir orðunum: »um vörutoll« í 3. másl. 1. málsgr. komi: svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, tilbúnar hurðir og glugga.

II. Frá *fjárhagsnefnd*.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ennfremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efni-vörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar.